Fundur 13. september 2006.

Þann 13. september 2006 kl. 15:00. kom skipulags-bygginga-og hafnarnefnd saman tilfundar.
Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Bogi Kristinsson Magnusen byggingafulltrúi og Óskar Steingrímsson sem reit fundargerð.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Sveinn Ragnarsson formaður setti fundinn og síðan gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Umsókn frá Margréti Hafrúnu Brynjólfdóttur til að fá að rífa geymslu að Borg (139542) Fastanúmer: 4502-1400, matshluti 26.
   Samþykkt að verða við beiðninni.

2. Umsókn frá Auði Ingimarsdóttur til að fá leyfi fyrir að byggja sumarhús í Kvígindisfirði.
   Fyrirliggjandi eru bygginganefndarteikningar.
   Erindið samþykkt.

3. Umsókn frá Jens V. Hanssyni til að fá leyfi fyrir viðbyggingu við fjós ásamt breytingu á flatgryfju, Mýrartungu I. Stæðr 500m2, rúmmál 2.420 m3.
   Fyrirliggjandi eru bygginganefndarteikningar.
   Erindið samþykkt.

4. Stefán Freyr Baldursson, fyrir hönd Orkubú Vestfjarða, sækir um leyfi til að byggja rofahús á Suðurbraut 2, Reykhólum. Stæðr 42,64 m2.
   Samþykkt með kvöð um að mænisstefna hússins sé sú sama og á Suðurbraut 4 og að fjarlægð milli rofahúss og núverandi húss á Suðurbraut 2 sé minnst 9 metrar.
   Söluleiðis gerð krafa um að slökkvibúnaður sé í samráði við slökkviliðsstjóra Reykhólahrepps.

5. Umsókn frá Karli Hallbjörnssyni og Guðríði Hjaltadóttur til að fá að fjarlægja núverandi sumarhús á Vattarnesi og flytja annað sumarhús á staðinn, ögn stærra og yrði það reist á svipuðum stað.
   Karli og Guðríði er heimilað að fjarlægja núverandi bústað. Sækja þarf um leyfi til byggingar á nýjum bústað og skila inn bygginganefndarteikningum, (afstöðumynd, grunnmynd, útlitsteikning, sneiðing og skráningartafla).

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 17:00.

Sveinn Ragnarsson (sign)
Karl Kristjánsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Bogi Kristinsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)